

# Fundargerð 137. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 8. desember kl. 12:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur og Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi sem stýrði fundi og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022 - fræðslu- og barnamál - 2112004SA

Valgerður Rún Benediktsdóttir og Guðjón Bragason fóru yfir áherslur í fjárlagafrumvarpi og stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar varðandi mennta-, fræðslu- og barnamál og sögðu frá vinnu við umsögn sambandsins þar um. Í henni verður sjónum beint að fáum, afmörkuðum verkefnum, þ.á.m. þjónustu við börn af erlendum uppruna, tónlistarfræðslu og námsgagnaútgáfu. Ekki er að sjá að fjárlagafrumvarpið geri ráð fyrir nokkrum útgjöldum vegna menntastefnu og þá er lítið samhengi að finna á milli frumvarpsins og stjórnarsáttmálans.

*Nefndin var sammála þeirri nálgun að taka fókus á fá en mikilvæg mál í umsögn sambandsins og furðar sig á hversu lítið samhengi virðist vera milli frumvarpsins og stjórnarsáttmála. Þá leggur nefndin til að málefni leikskólans fái jafnframt sérstakt vægi í umsögn sambandsins. Mönnunarvandi er þar mikill og starfsálag vaxandi m.a. vegna styttingar vinnuviku, aukins undirbúningstíma og menntunarkrafna. Taka þarf upp markvisst samtal við stjórnvöld um framtíðarskipan leikskólamála, m.a. í samhengi við aukið hlutverk þeirra við móttöku barna við lok fæðingarorlofs. Þá kom breytt skipan ráðuneyta til tals og töldu nefndarmenn að nýskipan mennta- og barnamálaráðuneytis gæti gefið tilefni til bjartsýni um að vel verði staðið innleiðingu farsældarlaga og nýrrar menntastefnu.*

### 2. Samrekstur og sameiningar skóla, bókun 3 í kjarasamningi SÍ, FSL og FT eða FÍH - 2112005SA

Ákveðið hefur verið að vinna að bókun 3 í kjarasamningi SÍ, FSL og FT/FÍH frá 2011 um kortlagningu á þróun og árangri samreksturs og sameininga skóla m.t.t. stjórnunarlegrar ábyrgðar. Gerð var úttekt á samrekstri og sameiningum skóla árið 2010 auk þess sem sambandið gaf út leiðbeiningar til sveitarfélaga í þessu skyni árið 2009. Margt hefur breyst í starfsumhverfi skóla á sl. 10-12 árum sem mikilvægt er að skoða í þessu samhengi, m.a. áhrif á stjórnunarumfang og faglegt starf skólastiga og skólagerða.

Nefndarmenn tóku undir mikilvægi þess að meta hvernig til hefur tekist í þessum efnunum og greindu frá ýmsum breytingum sem orðið hafa og/eða standa til í eigin sveitarfélögum á þessu sviði. Útfærslan er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum og í dag er skólahúsnæði jafnvel byggt fyrir samrekstur eða heildstæðan leik-, grunn- tónlistarskóla- og frístundastarf. Útfærsla stjórnunarfyrrirkomulags er hins vegar óljósari og samkeyrsla tveggja eða fleiri ólíkra kjarasamninga hefur valdið vandkvæðum við skipulag skólastarfs. Þá þurfa sveitarfélög einnig að aðgreina rekstrarkostnað eftir skólastigum í bókhaldi sínu sem reynst hefur sumum þeirra snúið. Allt séu þetta þó yfirstíganlegar hindranir sem ástæða sé til að fara betur í saumana á þar sem samrekstur og sameining skólastiga er komin til að vera og eitt leyfisbréf kennara ætti að virka sem frekari hvati í þeim efnunum.

### **3. Framtíðarskipan leikskólamála - 2009059SA**

Umræða er talsverð í sveitarfélögum um framtíðarskipan málefna leikskólans í ljósi þess mönnunarvanda sem að honum steðjar. Stytting vinnutímans, aukinn undirbúningstími, lögbundar kröfur um menntun, Covid-19 o.fl. áhrifaþættir hafa valdið auknu starfsálagi sem bregðast þarf við og leita lausna til framtíðar lítið. Greint var frá helstu hugmyndum sem ræddar hafa verið að undanförunu á samráðsfundum sveitarfélaga, m.a. í tengslum við skýrslu starfshóps um styrkingu leikskólastigsins. Sambandið á fund með menntamálaráðuneytinu um nokkrar þeirra tillagna 14. desember nk.

Nefndin telur mikilvægt að sambandið nái sem fyrst fundi með nýjum mennta- og barnamálaráðherra og setji hann inn í málsins eins og þau blasa við sveitarfélögum. Eigi leikskóli að loknu fæðingarorlofi að verða raunhæfur möguleiki þarf að taka á ýmsum hliðum málsins er lúta að framtíðarskipan leikskólastigsins m.t.t. mönnunar, lagaumhverfis, menntunar, starfsþróunar o.fl. Ljóst er að það er þörf á nýju uppleggi inn í umræðuna og mikilvægt að hún festist ekki í reiptogi milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun. Þá sé jafnframt mikilvægt að kortleggja þá jákvæðu þróun sem orðið hefur á leikskólastiginu undanfarið ár undir dyggri forystu sveitarstjórna.

### **4. Menntarannsóknarsjóður - 2112006SA**

Nýr menntarannsóknarsjóður úthlutaði nýverið fyrstu fjórum styrkjum sínum. Sjóðurinn leggur áherslu á hagnýtar rannsóknir á skóla- og frístundastarfi. Helgi Arnarson er fulltrúi sambandsins og greindi frá úthlutun hans.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/02/Fyrsta-uthlutun-nys-Menntarannsoknasjods-4-fjolbreytt-verkefni-fa-styrki/>

Fram kom hjá Helga að heilmikil og afar fagleg vinna hafi farið fram í undanfara úthlutunar. Úthlutun er ætlað að styrkja stóðir hagnýtra menntarannsóknna og stuðla að umbótum í tengslum við menntastefnu til 2030. 5 manna úthlutunarnefnd tilnefndi í óháð fagråd sem lagði mat á umsóknir og greindi Helgi frá þeim matsviðmiðum sem lögð voru til grundvallar. Júlíus K. Björnsson, fv. forstjóri Námsgagnastofnunar er formaður fagráðsins. Sjóðurinn hafði tæplega 75 milljónir til úthlutunar og fengu fjórar umsóknir styrki. <https://www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/menntarannsoknasjodur-mennta-og-menningarmalaraduneytisins/uthlutunarnefnd/>

### **5. Námsleyfi skólaárið 2022-2023 - 2106001NA**

Svandís Ingimundardóttir, í fjarveru Klöru E. Finnbogadóttur starfsmanns Námsleyfasjóðs, greindi frá úthlutun sjóðsins vegna skólaársins 2022-2023.

Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2022-2023 er lokið. Alls bárust Námsleyfasjóði 164 fullgildar umsóknir. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt yrðu 51 námsleyfi. Aðeins var hægt að verða við um 31% þeirra beiðna sem fyrir lágu. Námsleyfum var skipt á milli landshluta með hliðsjón af fjölda starfandi kennara og stjórnenda eftir landshlutum. Áherslusvið sjóðsins að þessu sinni var vegna náms sem tengist stafrænni umbreytingu náms- og kennsluhátta, lýðræði í skólastarfi og fjölbreyttum kennsluháttum og nýsköpun. Nöfn námsleyfishafa verða birt á vefsíðu Námsleyfasjóðs um miðjan desember nk.

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Einar Már Sigurðarson

---

Helgi Arnarson

---

Herdís Ásu Sæmundardóttir

---

Skúli Þór Helgason

---

Anna Birna Snæbjörnsdóttir